

Nr. 21.
20.
október.

Lög

um

skýrslur um alidýrasjúkdóma.

Vjer Christian hinn Níundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Landsstjórninni ber að annast um, að teknað sjeu árlega skýrslur um hina helztu alidýrasjúkdóma hjer á landi, og skipar hún fyrir um, hver stjórnarvöld skuli vinna að skýrslum þessum.

2. gr.

Stjórnarráðið semur reglugjörð um fyrirkomulag skýrslanna og samning þeirra, og annast um, að út sjeu gefin á kostnað landssjóðs eyðublöð undir þær.

3. gr.

Þeir, sem alidýr eiga eða hafa undir hendi, skulu, svo sem þeir framast vita, skýra stjórnarvaldi því, er skýrslanna krefur, frá þeim sjúkdómum, sem komið hafa á skýrsluárinu í alidýr þeirra, og gefa þær að lútandi upplýsingar, allt eptir því sem fyrir er mælt í reglugjörð þeirri, sem um getur í 2. gr.

4. gr.

Gefi nokkur vísitandi rangar skýrslur um nokkur þau atriði, er um er spurt samkvæmt 1. gr. þessara laga, eða neiti nokkur að staðfesta skýrslu sína með vottorði upp á æru og trú, varðar það sektum frá 10—200 kr.

Tregðist nokkur við að láta þær upplýsingar í tje, sem lög þessi bjóða og mælt verður fyrir um í reglugjörð, má þröngva honum til þess með dagsektum, 1—5 kr. á dag.

Lögreglustjóri ákveður dagsektir með úrskurði, er birta skal hlutaðeiganda á venjulegan hátt.

5. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 20. október 1905.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

H. Hafstein.

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18. September 1891.

LOV

om

Beretninger angaaende Sygdomme hos Husdyrene.

Nr. 21.
20.
Oktober.

Vi Christian den Niende, af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenburg,

Gøre vitterligt: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Regeringen drager Omsorg for, at der aarlig optages Beretninger om de vigtigste Sygdomme hos Husdyrene her i Landet, og bestemmer, af hvilke Myndigheder Beretningerne skal udarbejdes.

§ 2.

Ministeriet affatter et Regulativ om Beretningernes Form og Maaden, hvorpaa de skal tilvejebringes, og foranstalter paa Landskassens Bekostning Udgivelse af Ske maer for dem.

§ 3.

Ejere af Husdyr samt de, der have Husdyr i deres Varetægt, skulle efter bedste Vidende indberette til de Myndigheder, der optage Beretningerne, hvilke Sygdomme der i det Aar, for hvilket Beretningen skal gives, har hjemsøgt deres Husdyr, og give nærmere Oplysninger desangaaende, alt paa den Maade, som bliver foreskrevet i det i § 2 omhandlede Regulativ.

§ 4.

Dersom nogen mod bedre Vidende fremkommer med urigtige Opgivelser om de Genstande, hvorom Oplysning søges i Henhold til denne Lovs § 1, eller nægter at bekræfte sin Opgivelse med en Forsikring paa Tro og Love, straffes saadant med Bøder paa 10—200 Kr.

Undlader nogen at yde de i nærværende Lov og nævnte Regulativ forlangte Oplysninger, kan han ved Dagsmulfter af 1—5 Kr. tvinges dertil.

Politimesteren bestemmer Dagsmulfterne ved en Kendelse, der forkyndes for den paagældende paa sædvanlig Maade.

§ 5.

Overtrædelser af denne Lov behandles som offentlige Politisager.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 20. Oktober 1905.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

Christian R.

(L. S.)

H. Hafstein.

Islands Ministerium, den 20. Oktober 1905.

H. Hafstein.

Ólafur Halldórsson.